

Nr.: 208-VKL	Innra gæðamat og umbótaáætlun 2025-2027	
Útgáfa: 6.1		
Dags.: 10.11.2025		
Ábyrgð: Framkvæmdastjóri		
Framkvæmd: Frkv.stjóri		
Síða 1 af 4		

1. Tilgangur

Þessi verklagsregla er til að tryggja að ávallt sé virkt innra gæðamat og gerðar séu áætlanir um umbætur í starfsemi Fræðslusetursins Starfsmenntar.

2. Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að verklagsreglunni sé fylgt en getur falið öðrum umsjón með einstökum verkefnum, að hluta til eða í heild.

3. Um Fræðslusetrið Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt var stofnað árið 2001 og er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytis og flestra aðildarfélaga BSRB um starfstengt nám, starfsþróun og ráðgjöf. Starfsmennt styður færniþróun opinbers starfsfólks svo það sé betur í stakk búið til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma.

Hlutverk Starfsmenntar er að vera hugmyndabanki, umsjónaraðili og framkvæmdaaðili að verkefnum sem lúta starfsþróun ríkisstarfsfólks, að meta þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum eða stofnanahópum og að hafa frumkvæði að því að búa til námskeið sem svara þeirri þörf.

- Starfsmennt býður opinberu starfsfólki viðtæka möguleika til menntunar og þroska.
- Starfsmennt aðstoðar stjórnendur við mótun vinnustaðamenningar og starfsumhverfis sem miðar að því að auka ánægju og hvatningu í starfi.

Starfsmennt leitast við að vera leiðandi starfsmenntar- og ráðgjafamiðstöð og eftirsóknarverður samstarfsaðili í viðleitni opinberra stofnana við að efla fagmennsku og færni í starfi og í að skapa uppbyggilegt og hvetjandi vinnuumhverfi. Gildi Starfsmenntar er að veita faglega, framsækna og sveigjanlega þjónustu á sviði starfsmenntunar og mannauðsefningar.

4. Innra gæðamat

Innra gæðamat og umbótavinna er hluti af daglegri starfsemi Starfsmenntar. Þess vegna er það fastur liður á dagskrá reglubundinna starfsmannafunda að fara yfir tilvik sem komið hafa upp og kalla á umbætur. Innra gæðamat fer einnig fram við uppgjör hvers árs fyrir sig og eru niðurstöður úr starfseminni birtar í ársskýrslum og ársreikningum. Stjórn Starfsmenntar fjallar sérstaklega um þær niðurstöður á fundum sínum og kemur með tillögur að umbótum. Í sérstakri verklagsreglu er yfirlit yfir þau atriði sem yfirfarin eru reglulega og varða bæði öryggi starfsfólks og innra gæðastarf.

Tilvísanir: 208-STS_Gæðastefna; 208-VKL_Reglubundin yfirferð ýmissa atriða.

Nr.: 208-VKL	Innra gæðamat og umbótaáætlun 2025-2027	
Útgáfa: 6.1		
Dags.: 10.11.2025		
Ábyrgð: Framkvæmdastjóri		
Framkvæmd: Frkv.stjóri		
Síða 2 af 4		

5. Umbótaáætlun árin 2025-2027

Starfsemi Starfsmenntar skiptist í þrjú megin svið, sem síðan skiptast í nokkur undirsvið. Í töflunni hér að neðan eru sviðin listuð upp og merkt við þar sem sérstaklega verður hugað að umbótum árin 2025-2027. Ekki er talin þörf á sérstökum umbótaverkefnum á öllum sviðum.

Svið	2025	2026	2027
A. Fræðsla, þjálfun og nám	X	X	X
B. Ráðgjöf og raunfærnimat			
B1. Náms- og starfsráðgjöf – ráðgjöf til einstaklinga	X	X	
B2. Raunfærnimat			
B3. Ráðgjafi að láni – mannauðsráðgjöf til stofnana	X	X	
B4. Ferða- og dvalarstyrkir			
C. Stoðsvið			
C1. Stjórn og almennur rekstur	X	X	
C2. Mannauður	X	X	X
C3. Þróunarverkefni og samstarf	X	X	X
C4. Innheimta námskeiðsgjalda og samskipti við sjóði	X	X	
C5. Kynningarmál og heimasíða	X	X	
C6. Húsnæðismál og innkaup		X	
C7. Búnaður og umsýsla kerfa		X	
C8. Gæðamál og vottanir	X	X	X

A. Fræðsla, þjálfun og nám

Framboð og framkvæmd fræðslu á vettvangi Starfsmenntar er umfangsmikið verkefni og í stöðugri endurskoðun. Mat á framboði fræðslu fer fram formlega a.m.k. tvisvar á ári þ.e. við undirbúning starfsáætlunar að hausti og svo aftur að vori til að meta hvað hentar fyrir komandi haust.

Framboðið fræðslunnar skal endurspegla helstu þarfir og þróun í starfsumhverfi opinberra starfsmanna og stofnana og vera í samræmi við gæðastaðla EQM. Framkvæmd fræðslunnar skal taka mið af hagkvæmustu leiðinni hverju sinni en þó ávallt með hliðsjón af markmiðum náms og þörfum þátttakenda.

Í ársbyrjun 2025 var sett sérstakt teymi sem heldur utan um verkefni á þessu sviði og við gerð starfsáætlunar 2026 verður breytt verklag í tengslum við þennan þjónustulið endurmetið.

Nr.: 208-VKL	Innra gæðamat og umbótaáætlun 2025-2027	
Útgáfa: 6.1		
Dags.: 10.11.2025		
Ábyrgð: Framkvæmdastjóri		
Framkvæmd: Frkv.stjóri		
Síða 3 af 4		

B. Ráðgjöf og raunfærnimat

B1. Náms- og starfsráðgjöf – ráðgjöf til einstaklinga og B3. Ráðgjafi að láni – mannauðsráðgjöf til stofnana

Árin 2025-2026 verður lögð sérstök áhersla á að kynna þessa þjónustuliði Starfsmenntar sem tæki til að styrkja stefnumiðað fræðslustarf stofnana og markvissa starfsþróun einstaklinga.

Aðferðafræði *Ráðgjafa að láni* verður tekin til formlegrar endurskoðunar árið 2026.

C. Stoðsvið

C1. Stjórn og almennur rekstur

Árið 2024 var fenginn nýr umsjónaraðili bókhalds og endurskoðunar og verður áfram unnið að umbótum í samræmi við ábendingar þessa nýja aðila.

Árið 2025 var skerpt enn frekar á kjarnahlutverki og ásýnd Starfsmenntar og árið 2026 verður lögð sérstök áhersla á að viðhalda þeim niðurstöðum.

Árið 2025 var samið um slit á samstarfi við Reykjavíkurborg sem kallaði á endurskoðun á samþykktum um Starfsmennt. Stefnt er að því að ljúka endurskoðun og undirritun samþykktanna fyrir árslok 2025.

C2. Mannauður

Velferð og starfsþróun starfsfólks eru viðvarandi verkefni. Árin 2024-2025 var innleitt nýtt verklag og verkaskipting endurskoðuð, eins var sett á laggirnar sérstakt fræðsluteymi sem hefur það hlutverk að skapa og styðja við uppbyggilega námsmenningu og efla hæfni starfsfólks.

Árin 2025-2027 verður nýtt verklag fest enn betur í sessi og verkaskipting endurskoðuð reglulega, eins verður áfram hugað að markvissri og stefnumiðaðri símenntun starfsfólks með því að viðhalda fræðsluteymi.

C3. Þróunarverkefni og samstarf

Starfsmennt tekur þátt í erlendu samstarfsverkefni um gerð þjálfunarefnis fyrir starfsfólk sem sinnir þjálfun og umönnun einstaklinga með eru blindir eða sjónskertir af völdum heilaskaða. Verkefnið er styrkt af Erasmusplus og verður unnið á árunum 2025-2027. Þátttaka Starfsmennar er í samræmi við verklagsreglu 201-VKL_Áætlun um evrópskt samstarf.

Starfsmennt sinnir þróunarverkefni sem felst í að þjálfar starfsfólk af erlendum uppruna í íslensku bæði með almennri kennslu og notkun BARATALA appsins. Verkefnið hófst árið 2025 og lýkur árið 2026.

C4. Innheimta námskeiðsgjalda og samskipti við sjóði

Umsjón með réttindum þátttakenda hjá hinum ýmsu sjóðum er umfangsmikið verkefni og var innleitt nýtt verklag árið 2025. Árið 2026 verður verklagið endurmetið og fest í sessi.

Gera þarf samning við nýstofnaðan mannauðssjóð bæjarstarfsmannafélaga, sem varð til við sameiningu þriggja mannauðssjóða, og eins þarf að endurnýja samstarfssamning við Starfsþróunarsetur háskólamanna. Stefnt er að því að ljúka hvoru tveggja fyrir árslok 2025.

Nr.: 208-VKL	Innra gæðamat og umbótaáætlun 2025-2027	
Útgáfa: 6.1		
Dags.: 10.11.2025		
Ábyrgð: Framkvæmdastjóri		
Framkvæmd: Frkv.stjóri		
Síða 4 af 4		

C5. Kynningarmál og heimasíða

Árið 2025 var skerpt enn frekar á kjarnahlutverki og ásýnd Starfsmenntar og hannað nýtt útlit fyrir heimasíðu og kynningarefni. Sama ár var einnig hafin vinna við gerð nýrrar heimasíðu og skráningarkerfis.

Árið 2026 verður lögð sérstök áhersla á að kynna þessa nýju ásýnd m.a. í tengslum við 25 ára afmæli Starfsmenntar. Eins verður allt efni á nýrri heimasíðu endurskoðað og innleidd og þjálfuð notkun í nýju kerfi sem heldur utan um bæði heimasíðu og skráningarkerfi.

C6. Húsnæðismál og innkaup

Endurnýja þarf leigusamning fyrir árslok 2025 og samþykkt hefur verið að ráðast í endurbætur á húsnæði Starfsmenntar á árinu 2026.

C7. Búnaður og umsýsla kerfa

Notkun Sharepoint verður innleidd árið 2026 og notkun á Dropboxi hætt í kjölfarið.

C8. Gæðamál og vottanir

Í árslok 2024 fór fram úttekt skv. EQM+ gæðavottun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífs og gildir ný vottun til ársins 2027. Vinnu við umbætur skv. ábendingum úttektaraðila lauk haustið 2025.

Árlega eru gæðaviðmið EQM og ýmis atriði úr gæðahandbók Starfsmenntar yfirfarin með starfsfólki Starfsmenntar sbr. verklagsreglu 208-VKL_Reglubundin yfirferð ýmissa atriða.

Árið 2025 rennur út viðurkenning Starfsmenntar sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu. Sótt verður um endurnýjun til mennta- og barnamálaráðuneytis haustið 2025.

Árið 2026 verður verklag við *Ráðgjafa að láni* endurskoðað með tilheyrandi breytingum á verklagsreglu 303-VKL_Ráðgjöf til stofnana - Ráðgjafi að láni.

Árið 2025 voru útbúnaðar leiðbeiningar um notkun gervigreindar í starfi Starfsmenntar og eru þær nú hluti af gæðahandbók Starfsmenntar sbr. 209-LEI_Notkun gervigreindar.